



Reykjavík, 10. desember 2018
VEL2018070012
343. fundur
BM

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála

Umsögn um tillögu um skipun hagsmunafulltrúa fyrir aldraða.

Forsaga:

Á fundi borgarráðs 5. júlí 2018 var svohljóðandi tillögu Flokks fólksins frá 28. júní s.á. vísað til velferðarráðs:

„Lagt er til að skipaður verði hagsmunafulltrúi fyrir aldraða sem skoðar málefni þeirra ofan í kjölinn og heldur utan um hagsmuni þeirra, aðhlyningu og aðbúnað. Hann á að kortleggja hver staðan er í húsnæðismálum, heimahjúkrun, dægurvöl og að heimaþjónusta fyrir eldri borgara verði fullnægjandi. Með þessum hætti næst betri heildarsýn og staða mála eldri borgara verður skýrari. Hagsmunafulltrúinn fylgi málum vel eftir þannig að þau séu örugglega afgreidd og unnin á fullnægjandi hátt.“

Tillagan var lögð fyrir fund velferðarráðs 25. september 2018 og henni frestað.

Umsögn:

Stefna í Þjónustu við eldri borgara var samþykkt vorið 2018 og leysti hún af hólmi eldri stefnu í málaflokknum. Skrifstofa öldrunar- og húsnæðismála á velferðarsviði vinnur nú að aðgerðaáætlun á grundvelli stefnunnar. Á skrifstofu velferðarsviðs starfa þrír sérfræðingar sem vinna í málaflokkum er varða aldraða og sitja í starfs- og stýrihópum sem tengjast þeirri hagsmunagæslu. Það er mikilvægt að mati velferðarsviðs að raddir notenda heyrist og eru fjölmörg hagsmunasamtök

í Reykjavík og um land allt sem láta sig varða málefni aldraða og hafa tengingar við skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála á velferðarsviði. Hér ber helst að nefna:

- Öldrunarráð Íslands, stofnað 21. október 1981, eru regnhlífasamtök þeirra sem starfa að hagsmunum aldraða á Íslandi. Að Öldrunarráði Íslands eiga aðild samtök, félag, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem vinna að málefnum aldraða, þar með talið Samband íslenskra sveitarfélaga og velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Alls eru 32 fulltrúar í ráðinu. Markmið Öldrunarráðs

Íslands er að vinna að bættum hag aldraðra. Sjá nánar <https://www.öldrunarrad.is/>.

- Þjónustuhópur aldraðra var starfandi í Reykjavík samkvæmt lögum um málefni aldraðra fram í nóvember 2018 en þá tók Öldungaráð við verkefnum Þjónustuhóps aldraðra.
- Öldungaráð Reykjavíkurborgar hefur verið starfandi síðan 2014 en með breytingu á félagsþjónustulögunum með lögum nr. 37/2018 fékk Öldungaráð vel skilgreint hlutverk skv. lögunum. Hlutverk ráðsins hefur verið skilgreint með eftirfarandi hætti í félagsþjónustulögunum: Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Öldungaráð skal hafa eftirtalin verkefni: 1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu. 2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu. 3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru. Ennfremur segir í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra með síðari breytingum: Beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og upprættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhag þeirra. Beiðninni skal og fylgja umsögn öldungaráðs á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða. Velferðarsvið hefur áheyrnarfulltrúa í Öldungarráði.
- Félag eldri borgara í Reykjavík (FEB) er í góðu samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkur og hefur fulltrúi þeirra m.a. átt sæti í Þjónustuhópi aldraða um áraraðir og nú í Öldrunarráði Reykjavíkur. Auk þess er fundað reglulega og eftir þörfum með formanni og framkvæmdastjóra FEB. FEB er upplýst og haft með í ráðum þegar fyrirhugaðar eru nýjungar eða breytingar sem varða þjónustu við eldri borgara. FEB var mikilvægur samstarfsaðili þegar heimaþjónusta var samþætt heimahjúkrun og hefur fylgt vel eftir þeirri breytingu.
- Landssamband eldri borgara (LEB) hefur verið í góðri samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með eða án FEB.
- Korpúlfar eru félag eldri borgara í Grafarvogi sem nýtt hafa sér félagsaðstöðu sem velferðarsvið sér þeim fyrir ásamt starfsmanni. Korpúlfar hafa unnið vel með velferðarsvið Reykjavíkur bæði hvað varðar ábendingar um það sem betur má fara og einnig þátttöku í rýnihópum og málþingum.
- Notendasamráðshópar á hinum ýmsu félagsmiðstöðum Reykjavíkurborgar eru starfræktir. Fundargerðir liggja fyrir og hafa notendasamráðshópar sent frá sér ályktanir og áskorarnir.

Velferðarsvið hefur reglubundið samráð við ofangreinda hagsmunaaðila, þá sérstaklega FEB og Öldungaráð. Eins og fyrr segir var Þjónustuhópur aldraða staðsettur á velferðarsviði og fundaði hann reglulega.

Staða málefna aldraðra hefur verið kortlögð af ótal starfs- og stýrihópum á undanförunum árum og liggja eftir þá skýrslur sem varpa ljósi á stöðu í málefnum aldraðra og tillögur að úrbótum.

- Má þar fyrst telja verkefnið Reykjavík aldursvæn borg, en um er að ræða samstarfsverkefni Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aldursvænar borgir en sérstaklega voru skoðaðir eftirfarandi þættir sem gera borgir aldursvænar: Útisvæði og byggingar; samgöngur; húsnæði; félagsleg þátttaka; virðing og félagsleg viðurkenning; virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar; fjarskipti og upplýsingar og loks samfélags- og heilbrigðisþjónusta. Lykilatriði í nálgun verkefnisins var að aldraðir tækju þátt, að grunnstaða borgarinnar yrði metin og að aðgerðaáætlun yrði þróuð í framhaldinu og unnið yrði að umbótum. Í nóvember 2016 kom út skýrsla um rásfund verkefnisins þar sem 14 tillögur voru settar fram undir átta ofangreindum flokkum, sbr: https://reykjavik.is/sites/default/files/avb_-_tillogur_eftir_rasfund_og_urvinnslu_starfshopa.pdf
- Þá ber næst að nefna starfshóp um heilsueflingu aldraðra sem stofnaður var í október 2015. Ellert B. Schram var formaður hópsins, sem einnig var skipaður fulltrúum frá Reykjavíkurborg, öldungaráði Reykjavíkurborgar og Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA). Skýrsla starfshópsins, með kortlagningu á stöðunni í Reykjavík ásamt 26 aðgerðum til úrbóta, var lögð fyrir borgarráð 4. febrúar 2016. Sjá nánar: https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/lokaskyrsla.pdf
- Einnig er vert að nefna skýrslu frá framtíðarþingi um farsæla öldrun 2013 þar sem settar eru fram staðreyndir um stöðu aldraðra og tillögur. Að þinginu stóðu öldrunarráð Íslands, Landsamband eldri borgara, Öldrunarfræðafélag Íslands, velferðarráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga, Félag sjúkraþjálfara í öldrunarþjónustu og Iðjuþjálfafélag Íslands. Sjá nánar: <https://www.samband.is/media/thjonusta-vid-aldrada/Farsael-oldrun-skyrsla.pdf>

Það er mat velferðarsviðs að þeim störfum, sem hagsmunafulltrúa skal fengið skv. ofangreindri tillögu, sé nú þegar sinnt af starfsmönnum velferðarsviðs og að eftirfylgni og samráð fari nú þegar fram af hálfu þeirra hagsmunafélaga og ráða sem hafa verið sett á laggirnar. Þá ber jafnframt að geta þess að sambærileg ráð hafa verið stofnuð hvað varðar aðra þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti í samfélaginu til að auka hlutdeild þeirra í ákvarðanatöku hjá Reykjavíkurborg, s.s. fatlað fólk, sbr. notendaráð fatlaðs fólks og innflytjendur og útlendingar, sbr. fjölmeningarráð. Erfitt er að taka undir tillögu um stofnun hagsmunafulltrúa fyrir einn af nefndum hópum en ekki aðra.